

STÆR1SJ05

Búið til: Mon, 26 May 2014 11:33:30 GMT

Titill

Stærðfræði 2 á starfsbraut

Skammstöfun

STÆR1SJ05

Útgáfunúmer

16

Námsgrein

stærðfræði

Viðfangsefni

Stærðfræði 2 á starfsbraut

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í þessum áfanga er lögð áhersla á að nemendur þjálfist í talnameðferð og talnaskilningi og læri að beita skipulögðum vinnubrögðum við úrlausn verkefna. Farið verður í neikvæðar tölur, tugabrot og almenn brot, helstu reikniaðgerðir, notkun töflureiknis, lengdar og þyngdarmælingar og notkun metrakerfisins, hnitakerfi og hnit punkta. Lögð verður áhersla á verkefna kennslu þar sem nemendur vinna með mælingar og skráningu.

Forkröfur

Stærðfræði 1 á starfsbraut

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- talnamengjum, talnameðferð, almennum brotum og tugabrotum
- metrakerfinu og samhenginu milli mm, cm, m og km
- samhenginu milli kg, g, og mg
- hnitum punkta í tvívíðu hnitakerfi
- framsetningu gagna á myndrænu formi
- flatarmáli ferhyrnings, þríhyrnings og hrings
- rúmmáli kassalaga hluta
- meðaltali
- einföldum prósentu reikningi
- stórum tölum af stærðargráðunni hundrað þúsund og milljón
- tíma, tímabili, og klukku

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita helstu aðgerðum á heilar tölur og beita samlagningu, deilingu og margfeldi á neikvæðar og jákvæðar tölur
- breyta milli tugabrota og almennra brota og deilanleika með lágum tölum
- setja fram svör með viðeigandi nákvæmni
- finna hnit punkta í tvívíðu hnitakerfi og merkja inn punta með ákveðin (x,y) hnit

- mæla fjarlægðir með málbandi og reglustiku og skrá niðurstöður í km, m, cm og mm
- mæla rúmmál kassalaga hluta með málbandi og skrá niðurstöður
- ská endurteknar mælingar skipulega niður á blað og í töflureikni
- mæla þyngd hluta og skrá niðurstöður í kílógrömmum, grömmum og milligrömmum
- leggja saman og draga frá verð á hlutum og finna út heildarkostnað og afgang
- finna hversu mörg prósent hluti er af heild
- nota klukku og leysa dæmi eins og að finna út hversu langur tími líður frá klukkan 14:10 til 15:20

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrá lausnir sínar skipulega, skiptast á skoðunum við aðra um þær og útskýra hugmyndir sínar og verk skilmerkilega á viðeigandi hátt ...sem er metið með... umræðum í tímum og verkefnum
- leysa stærðfræðileg verkefni sem er metið með heimaverkefnum og virkni í tímum takast á við stærðfræðileg verkefni með opnum og jákvæðum huga ...sem er metið með... virkni í tímum, umræðum og heimaverkefnum

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd